



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STERKA SANNVOTTUN VIÐSKIPTAVINA OG ALMENNA OG ÖRUGGA OPNA
STAÐLA VEGNA SAMSKIPTA SAMKVÆMT LÖGUM UM GREIÐSLUÞJÓNUSTU



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STERKA SANNVOTTUN
VIÐSKIPTAVINA OG ALMENNA OG ÖRUGGA OPNA
STAÐLA VEGNA SAMSKIPTA SAMKVÆMT LÖGUM UM
GREIÐSLUÞJÓNUSTU

2023 nr. 16

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 22. nóvember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um greiðsluþjónustuveitendur samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021.

2. gr.
Sterk sannvottun og örugg samskipti.

Greiðsluþjónustuveitendur skulu fylgja ákvæðum framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389, með síðari breytingum, í tengslum við sterka sannvottun viðskiptavina og örugg samskipti, sbr. c-lið 2. mgr. 65. gr., c-lið 2. mgr. 67. gr., 2. mgr. 69. gr., 4. mgr. 70. gr., 1. mgr. 72. gr., c-lið 1. mgr. 99. gr. og 101. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sbr. 3. gr.

3. gr.
Innleiðing reglugerða.

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 frá 27. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2020 frá 23. október 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66 frá 14. október 2021, bls. 66-87.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2360 frá 3. ágúst 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2018/389 að því er varðar 90 daga undanþáguna fyrir aðgang að reikningum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2023 frá 13. júní 2023.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 114. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1220/2021 um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu.